

Leikskólinn Akur

Skólanámskrá

2025-2029



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um leikskólann	3
Táknbirting leikskólans.....	3
Skólaföt	4
Skólasöngur.....	4
Heimasíða leikskólans	4
Gildi skólans og hugmyndafræðilegar áherslur	5
Menntastefna sveitarfélags.....	5
Hjallastefnan í hnotskurn	6
Kynjanámskrá Hjallastefnunnar.....	6
Lotur.....	7
Fyrsta lota – Agi: virðing, hegðun, kurteisi, framkoma.....	7
Önnur lota – Sjálfstæði: sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning	7
Þriðja lota – Samskipti: umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða	7
Fjórhla lota – Jákvæðni: ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni, gleði	8
Fimmta lota – Vinátta: félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur	8
Sjötta lota – Áráðni: kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði.....	8
Meginreglur.....	8
Fyrsta meginregla: Börn og foreldrar	9
Önnur meginregla: Starfsfólk	9
Þriðja meginregla: Umhverfi	9
Fjórhla meginregla: Efniviður.....	9
Fimmta meginregla: Náttúra	9
Sjötta meginregla: Samfélag	9
Grunnþættir menntunar	10
Læsi.....	10
Sjálfbærni.....	11
Lýðræði og mannréttindi.....	12
Jafnrétti	14
Heilbrigði og velferð.....	16



Sköpun	17
Leikur og nám barna	18
Hlutverk kennara í leik barna.....	19
Námsumhverfi.....	19
Leikur í samþættu og skapandi leikskólastarfi.....	20
Læsi og samskipti	20
Heilbrigði og vellíðan	21
Sjálfbærni og vísindi.....	22
Sköpun og menning	23
Fjölskyldan og leikskólinn.....	25
Tengsl skólastiga og fimm ára starf.....	26
Stærðfræði.....	26
Íslenska	26
Vorferð.....	27
Tengsl skólastiga.....	27
Sérkennsla.....	27
Matstæki.....	28
Leiðarljós leikskóla.....	29
Mat og eftirlit	30



Inngangur

Skólanámskrá leikskólans Akurs er leiðarvísir um starfsemi hans. Skólanámskráin gefur fyrirheit um það hvernig leikskólinn muni vinna að þeim uppeldismarkmiðum sem hann hefur sett sér. Skólanámskrá þjónar einnig þeim tilgangi að vera upplýsingaveita til starfsmanna, foreldra, rekstraraðila og annarra hagsmunaaðila skólans.

Samkvæmt lögum er leikskólastýran Sigrún Gyða Matthíasdóttir ábyrg fyrir gerð skólanámskrár. Að auki komu fulltrúar Hjallastefnunnar ehf. að þeim þáttum námskrárinnar sem eru sameiginlegir öllum leikskólum Hjallastefnunnar. Við gerð skólanámskrár tóku einnig þátt kennarar og börn á Akri.

Um leikskólann

Leikskólinn Akur er staðsettur við Tjarnabraut 1 og hefur starfað frá árinu 2007. Frá upphafi var rekstur leikskólans í höndum Hjallastefnunnar ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjanesbæ. Þann 1. september 2025 tók Núrgis ehf. við rekstri leikskólans og þjónustusamningi við Reykjanesbæ um starfsemi hans.

Leikskólastýra Akurs er Sigrún Gyða Matthíasdóttir. Umsjón með sérkennslu hefur Helga Andrésdóttir og ráðgjafar skólans eru starfsmenn Hjallastefnunnar á hinum ýmsu sviðum. Akur er með þjónustusamning við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing og Sigurð Þ. Þorsteinsson sálfræðing. Leikskólinn nýtur að auki sérfræðiaðstoðar sveitarfélags við leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar, Ingibjörgu B. Hilmarisdóttir, fræðslustjóra Reykjanesbæjar og fulltrúum húsnaðis- og umhverfissviðs Reykjanesbæjar

Í leikskólanum eru að meðaltali 120-130 nemendur og 30-40 starfsmenn. Húsnaði skólans er brúttó 1110 m² og leikrými 388 m² Leikskólinn skiptist í sex kjarna. Appelsínuguli-, græni- og blái kjarni eru stúlnakjarnar en fjólublái-, rauði- og guli kjarni eru drengjakjarnarnir. Aldur barnanna er frá 18 mánaða til 6 ára. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 á morgnana til 16:15 síðdegis og er dvalartími barnanna mismunandi.


Umsóknir um leikskóladvöl fara fram í gegnum vef sveitarfélagsins og er gjaldskrá Akurs sú sama og hjá öðrum leikskólum í sveitarfélaginu.

Táknbirting leikskólans

Meðal tákna leikskólans bæði inn á við og út á við eru m.a. merki Hjallastefnunnar og fáni auk skólabúninga barna og starfsfólks og skólasöngs Hjallastefnunnar. Hjallastefnu-merkið er hannað af höfundi Hjallastefnunnar í samvinnu við foreldri í einum af skólunum okkar. Merkið myndar H með þaki sem er alþjóðlegt tákn Bliss-kerfisins fyrir „skjól“. Stúlka og drengur eru í sitt hvorum



hlutanum sbr. kynjauppeldi Hjallastefnunnar en þau leiðast sem er tákni fyrir þjálfun kynjanna í samskiptum og vináttu. Blómið milli þeirra er tákni fyrir tengsl stefnunnar við náttúruna og þá áherslu sem lögð er á að rækta virðingu fyrir umhverfi og samfélagi.



Skólaföt

Skólaföt hafa verið hluti af starfi Hjallastefnunnar í áratugi og eru mikilvægur þáttur í skólamenningunni. Skólafatnaður er notaður í leikskólanum, bæði fyrir börn og starfsfólk. Þau stuðla að því að athyglin beinist að börnunum sjálfum frekar en klæðnaði þeirra og draga úr samanburði og samkeppni milli barna.

Jafnframt bjóða skólafötin upp á vandaðan, þægilegan og hagnýtan fatnað sem auðveldar börnum að vera sjálfstæð í daglegum athöfnum. Reynslan sýnir að fyrirkomulagið styrkir samkennd, einfaldar daglegt skipulag og getur jafnframt dregið úr kostnaði fyrir fjölskyldur. Skólafötin eru því bæði hagnýt og jákvæður þáttur í skólalífinu. Hægt er að pantast allan skólafatnað í vefverslun á heimasíðu skólans.

Sjái fjölskylda barns sér ekki fært að kaupa skólafatnað hafa foreldrafélag Akurs og leikskólinn komið sér upp fyrirkomulagi til að styðja við þær fjölskyldur sem þess þurfa. Foreldrar geta leitað til skólastjóra eða hópakennara og eru slík erindi ávallt afgreidd í trúnaði. Til að tryggja nafnleynd sér skólastjóri um pantanir fyrir hönd foreldrafélagsins. Jafnframt á leikskólinn ávallt til skólafatnað til útláns þegar þörf krefur, þannig að öll börn geti tekið þátt í skólalífinu á jafnræðisgrundvelli.

Skólasöngur

Skólasöngur allra skóla Hjallastefnunnar er við ljóð sex ára stúlku í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ, við lag sem afi stúlkunnar; Atli Heimir Sveinsson, gaf Hjallastefnunni.

Skólasöngur Hjallastefnunnar

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Ljóð: Auður Teitsdóttir

*Í skóla er gaman,
krakkar leika.
Strákarnir/stelpurnar dansa,
stelpur/strákar spinna,
gleði finna.
Hlæja og hlæja í hjarta sér
Hlæja og hlæja í hjarta sér*

Heimasíða leikskólans

Leikskólinn Akur á sína eigin heimasíðu leikskolinnakur.is. Heimasíðan er mjög mikilvæg upplýsingagjöf til fjölskyldna, starfsfólks og nærsamfélags. Forsíða



skólans hýsir almennar fréttir af skólastarfinu og er öllum opin og það sama gildir um allar helstu upplýsingar um starf skólans. Starfsfólk á Akri notast við Teams sem tók við af Workplace.

Gildi skólans og hugmyndafræðilegar áherslur

Leikskólinn Akur starfar eftir Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2023 en á því ári voru gerðar breytingar á köflum 7-10 frá árinu 2011. Einnig starfar skólinn eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar, íslenskri uppeldisstefnu sem Margrét Pála Ólafsdóttir er höfundur að. Skólinn er því hluti af tvenns konar faglegu samhengi; annarsvegar deilir leikskólinn faglegri sýn með öllum leikskólum Íslands sem starfa eftir Aðalnámskrá og hins vegar deilir leikskólinn sýn með öðrum Hjallastefnuskólum bæði á leik- og grunnskólastigi. Þetta skapar Akri því nokkra sérstöðu hvað varðar námskrá þar sem fræðilegur grunnur allra Hjallastefnuskólanna er sá sami og ákveðinn grunnur skólanámskrárinnar er því sameiginlegur öllum leikskólum Hjallastefnunnar enda starfa þeir allir að sömu markmiðum um jafnrétti í skólastarfi. Leiðir hvers skóla að markmiðunum eru að mörgu leyti áþekkar en menning hvers skóla setur sinn svip á þær enda er í höndum starfsmannahópsins á hverjum stað að útfæra þann hluta skólanámskrár.

Menntastefna sveitarfélags

Menntastefna Reykjanesbæjar til ársins 2030 „Með opnum hug og gleði í hjarta“ var kynnt í september 2021. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum allra hagsmunahópa og hefur hann fundað reglulega síðastliðin ár.

Upphafið að nýrri menntastefnu var að endurskoða gildandi skólastefnu sveitarfélagsins en fljótlega varð hugtakið menntastefna fyrir valinu. Var það ekki síst vegna þess að sameinaðir voru tveir málaflokkar hjá bænum, fræðslumálin annars vegar og hins vegar íþróttá- og tómsundamálin.

Skólastefna takmarkast oft við það hvernig haga skuli starfi skóla óháð því í hvernig umhverfi skólinn starfar. Nýrri menntastefnu er hins vegar ætlað að vera heildstæð áætlun um það hvernig nám á öllum skólastigum, leikur, listir og íþróttir fléttast saman og stuðlar sameiginlega að því að undirbúa unga fólkið okkar sem best undir það að vera virkir þátttakendur í samfélagi 21. aldarinnar. Menntastefna sveitarfélagsins Reykjanesbæjar er þó til endurskoðunar og tók Akur þátt í þeirri stefnumótun sem á sér stað skólaárið 2020-2021 Leikskólinn Akur tekur mið af skólastefnu Reykjanesbæjar og hefur gildi hennar í heiðri.



Hjallastefnan í hnotskurn

Hjallastefnan kom fyrst fram í núverandi mynd í leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði. Námskrá Hjallastefnunnar felst í bæði meginreglum og kynjanámskrá og skráðum verkferlum í skólastarfinu. Margrét Pála Ólafsdóttir lýsir Hjallastefnunni í Handbók starfsfólks í leikskólum Hjallastefnunnar (Útg. Hjallastefnan 2014) og í bókinni Æfingin skapar meistarann (Endurútg. Bókafélagið 2014).

Í Hjallastefnuskólum er kynjaskipting notuð til að tryggja jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppbot á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynhlutverkum. Hjallastefnan er ekki eyland heldur tengd hugmyndum um frjálst uppeldi á borð við þær sem Alexander S. Neill lagði fram. Að auki eru hugmyndir verkhyggjunnar lagðar til grundvallar en benda má á áherslur Hjallastefnunnar á raunhæfar og ígrundaðar lausnir í því samhengi og raunveruleikatengd verkefni í skólastarfi. Viða má sjá enduróm af kenningum Charles Peirce, William James og John Dewey í Hjallastefnustarfi og að auki er litið til skólaaðferða Carolyn Pratt, Rudolf Steiner og Maríu Montessori. Hugmyndir Lev Vygotsky eru einnig grunnur gagnvart hópstjórastarfinu.

Hjallastefnan hefur verið rannsökuð í nokkrum rannsóknum og hafa þær bent til þess að stefnan hafi jákvæð áhrif á margan hátt. Má þar nefna meistaraprófsrannsókn Margrétar Pálu Ólafsdóttur árið 2000 sem benti til þess að börn sem höfðu dvalist á Hjallastefnuleikskóla, væru öruggari og ófeimnari í samskiptum við hitt kynið heldur en börn úr samanburðarhópi. Viðamikil rannsókn dr. Valdísar Jónsdóttur á námsumhverfi barna sýndi að hávaði var mælanlega minni í Hjallastefnuleikskólum en öðrum leikskólum. Nánari rannsóknarupplýsingar er að finna á hjallavefnum á slóðinni: www.hjalli.is

Kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í hinu kynjaskipta skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning beggja kynja er virt og viðurkennd.

Kynjaskiptingin felst í þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi er kynjaskilningur Hjallastefnunnar á því innbyggða kynjamisrétti sem hamlar réttlæti og lýðræði í samfélagi okkar. Í öðru lagi er kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem er leið til að efla og auka möguleika og rétt bæði stúlkna og drengja í daglegu skólastarfi. Í þriðja lagi er kynjafræðsla þar sem kennarar vinna á vitsmunalegum grunni að því að hamla gegn staðalmyndum kynjanna og skapa nýjan skilning hjá báðum kynjum. Hjallastefnan notar kynjaskiptingu sem vinnutæki án þess að það feli í sér að kynjatvíhyggjan sé viðurkennd sem eina leiðin til að skilgreina kyn. Frekar er brugðist við þeim kyngervishugmyndum sem mótast hjá meginþorra barna við upphaf leikskólagöngu.



Lotur

Samkvæmt kynjaskilningi Hjallastefnunnar er gengið út frá að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfar bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar kennslutækið til þess. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár loturnar á haustönn (sjá skóladagatal leikskólans) og seinni þrjár á vorönn. Á milli lota eru svonefndar opnar vikur þar sem viðfangsefni eru alfarið óbundin. Allir þættir kynjanámaskrár eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfinu. Loturnar lúta til skiptis að félagslegri þjálfun og einstaklingsþjálfun. Fyrsta lota skólaársins er félagsleg, síðan kemur einstaklingslota og þannig koll af kolli fram á vor.

Yfirheiti hvernar lotu er almennt hugtak; lýsandi fyrir viðkomandi svið en heitinu fylgja síðan fjögur hugtök eða orð sem útskýra hvað þarf að æfa til að ná þeim árangri sem yfirheitið lýsir. Orðin fjögur eru svonefndir lotulyklar og er eitt orð einkennandi fyrir hverja viku lotunnar. Hverri lotu lýkur með uppskeruviku.

Fyrsta lota – Agi: virðing, hegðun, kurteisi, framkoma

R-reglurnar eru í hávegum hafðar í Hjallastefnustarfi; röð, regla og rúttína í fyrirrúmi á öllum sviðum. Kjarnað umhverfi er alls staðar, allir hlutir merktir, umferðarreglur merktar og sýnilegt og áþreifanlegt hvernig allt á að vera. Þaulhugsuð dagskrá og einfaldleiki í öllu skipulagi er jafnmikilvægt og umhverfiskjörnunin. Í kjarnastarfinu er síðan áherslan á skarpa nemendastjórnun með nákvæmri eftirfylgd og hegðunarreglum sem börnin taka þátt í að móta, kynna og endurskoða. Fyrstu lotunni lýkur með Framkomuviku.

Önnur lota – Sjálfstæði: sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning

Einstaklingsathygli og hvatning er kjarni þessarar lotu. Kennarar leggja sig fram við að nálgast hvern og einn nemanda og sannfæra bæði nemandann og fjölskylduna um óendanlegan vilja skólans til að hafa þennan einstakling í fyrsta sæti! Annarri lotu lýkur með Tjáningarviku.

Þriðja lota – Samskipti: umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða

Þessi lota er í raun eineltisáætlun Hjallastefnunnar því hér er fjallað um samskipti í sinni víðustu mynd, nemendum kennt að virða landamæri annarra og standa saman um jákvæða framkomu og jákvæða hegðun, enda má segja að þessi lota snúist um félagslega jákvæðni. Þriðju lotu lýkur með Samstöðuviku.



Fjórða lota – Jákvæðni: ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni, gleði

Vitaskuld er jákvæðni alltaf í fyrirrúmi alla daga skólaársins en í upphafi vorannar er tækifæri til að formgera jákvæðniæfingarnar. Samhliða þjálfuninni í að skilja hvað jákvæð afstaða til lífsins þýðir, ber að vinna verkefni sem þjálfar börnin í að setja mörk fyrir sjálf sig, landamæri sem þau geta af ákveðni og elskulegheitum tjáð sig um. Fjórðu lotunni lýkur með Gleðivíku.

Fimmta lota – Vinátta: félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur

Vináttulotan er beint framhald af bæði samskipta- og jákvæðnilotunni og í reynd hástig þeirrar félagslegu jákvæðni sem þjálfuð hefur verið. Þar styrkjum við og eflum vináttu á allar lundir og vinaleikir s.s. leynivinaleikir barna- og fullorðinna eru skemmtilegt tækifæri. Einnig er mikilvægt að vinna með skilgreiningar á vináttunni, álit barnanna á vináttunni og hvað það þýðir að vera vinur eða vinkona. Fimmtu lotu lýkur með Kærleiksvíku.

Sjötta lota – Áræðni: kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Þessari síðustu lotu kynjanámskrárinna er ætlað að reka smiðshöggjö á heildarstarf vetrarins hvað varðar persónuþroska, bæði í einstaklings- og félagslegu tilliti og skilning barnanna á fjölbættum eiginleikum og mannlegri hæfni. Frumkvæði í sinni víðustu mynd er styrkt og fjallað vitsmunalega og verklega um möguleika nemenda til að hafa áhrif á umhverfi sitt með nýjum hugmyndum og nýjum lausnum, lýðræðislegum reglubreytingum og formlegum tillögugerðum til stofnana og aðila sem hafa áhrif á líf okkar. Sjöttu lotunni lýkur með Frumkvöðlavíku.

Meginreglur

Skólabragur og stofnanamenning leikskólans Akurs byggir á meginreglum Hjallastefnunnar. Þar er kveðið á um þau viðhorf til barna og fjölskyldna sem starfsmannahópurinn sameinast um að útfæra á hverju skólaári. Grundvöllurinn er hin barnhverfa hugmyndafræði þar sem bæði þarfir barna og réttur þeirra til að njóta bernsku sinnar er í fyrirrúmi. Í meginreglunum er einnig skýr áhersla á hlutverk starfsfólks og þann samskiptamáta sem setur jákvæðni og lausnamiðaðar aðgerðir í fyrsta sæti og þar er einnig starfsmanna- og jafnréttisstefna leikskólans. Einnig kveða meginreglurnar á um umhverfi og efnivið skólans og viðhorf til umhverfis og náttúru.

Meginreglurnar eru í skýrri forgangs röð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.



Fyrsta meginregla: Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga óháð uppruna og menningu. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra.

Önnur meginregla: Starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma a málum skólans.

Þriðja meginregla: Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

Fjórdá meginregla: Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

Fimmta meginregla: Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi og með umhirðu og endurvinnslu.

Sjötta meginregla: Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelss fyrir alla í rósemi og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.



Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2023 eru grunnþættir menntunar skilgreindir. „Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.“ Grunnþættirnir eru eftirfarandi: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.

Kennarar á Akri fóru vandlega yfir hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í starfi og má sjá úrdrátt úr þeirri vinnu hér fyrir neðan.

Læsi

„Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkkunnáttu“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Læsi er vítt hugtak sem nær allt frá því að geta lesið sér til gagns yfir í að vera læs á aðstæður, tilfinningar, umhverfi sitt og svo mætti lengi telja. Með læsi og læsisfærni eflist öryggi viðkomandi í hinum ýmsu aðstæðum. Með öryggi kemur vellíðan sem eykur enn frekar færni og sjálfstraust viðkomandi í aðstæðum og leiðir af sér aukna möguleika viðkomandi til að tileinka sér aukna færni og kunnáttu.

Læsi í sinni víðustu mynd í daglegu starfi leikskólans birtist meðal annars í:

- Umhverfi leikskólans er með sjónrænum skilaboðum og eru reglur sýnilegar
- Allir leikkrókar barna og svæði eru sýnileg með mynd af athögnum og merkt
- Gagnvirkum bókalestri með börnum
- Kennarar leggja sig fram um að setja orð á allar athafnir og auka þannig orðaforða
- Markviss innlögn með tilliti til orðaforðalista Menntamálastofnunar sem gefinn var út 2018.
 - Starfshópur kennara á Akri tók sig til og þemagreindi listann í yfirhugtök og vann inn í málörvunarskipulag eftir aldri og þroska barna. Kennarar nýta viku í innleiðingu á hverju þema fyrir sig í tengslum við kynjanámskrá Hjallastefnunnar
- Lubba stafur vikunnar
- Rím vikunnar
- Þula vikunnar



- Orðatiltæki vikunnar
- Gátur
- Hlustun
- Hjá elstu börnunum er það stafa-innlögn sem unnin er eftir hljóðaaðferð Herdísar Egilsdóttir: Það kemur saga út úr mér
- Rytma æfingar og klappa atkvæði orða
- Leit að hljóðum í orðum
- Söngur og gleði eru undirstaðan í læsiskennslu og mikilvægt að markmiðið sé að auka áhuga barnanna á læsi og að ýta undir eðlislæga forvitni
 - Hér er einungis stiklað á stóru í læsisinnleiðingu á Akri út frá svörum kennara.

Kennarar nota leik og margvíslegan efnivið á kjarnanum til að efla hljóðkerfisvitund barna. Dæmi um það er að við á Akri kynnumst stöfunum fyrst í gegnum hljóðin sem þessi sérkennilegu tákni mynda áður en við lærum nöfnin á þeim. Það er meðal annars gert þegar farið er í stafaleit í vettvangsferðum, bókstafir fundnir í nærumhverfi skólans og hljóð þeirra skoðuð og svo lengi mætti telja.

Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Sjálfbærni hjá okkur á Akri birtist meðal annars í því að efniviður barna er í hæð barna, húsbúnaður og aðbúnaður er sniðinn eftir þörfum þeirra til þess að börnin geti verið sem sjálfstæðust í athöfnum. Einnig æfum við sérstaklega sjálfstæði í vinnubrögðum og hugsun þar sem tekið er mið af aldri og þroska barna. Þetta á bæði við um daglegar athafnir og félagsleg samskipti. Þá er mikilvægt að æfa börnin í að gera hluti sjálf þegar þau hafa getu til og jafn mikilvægt að æfa börnin í að biðja um aðstoð þegar á þarf að halda.

Allur efniviður á Akri, sem og annarstaðar innan Hjallastefnunnar, er það sem kallast opinn efniviður og er þá skilgreindur sem efniviður sem hefur ekki ákveðið hlutverk. Það er því verkefni þess barns sem meðhöndlar efniviðinn að finna efniviðnum hlutverk í leik. Slíkt ýtir undir sköpun, æfir tjáningu, reynir á útsjónarsemi og krefur um sjálfbær vinnubrögð. Efniviðurinn er því ekki að mata viðkomandi með ákveðnu hlutverki og því hvað ætti að teljast sem *rétt* eða *röng* notkun. Með þessu móti ákveða börnin sjálf hlutverk sitt í leiknum og örlög í leik og starfi. Börnin fá tækifæri til þess að stýra leiknum og eigin ímyndun. Hlutverk kennarans er að vera til staðar fyrir barnið á hliðarlínunni og að grípa ekki inn í nema nauðsyn þyki eða ef barn óskar eftir því.

Utanhald og umsjón efniviðar í leikskólanum er í höndum barna og kennara. Til dæmis með því að þússa kubbana reglulega, þvo leiráhöldin sjálf eftir



notkun og telja og passa upp á trélitina svo nokkur dæmi séu tekin. Þá erum við markvisst að vinna að virðingu fyrir samspili umhverfis og nægjusteimi í félagslegum samskiptum okkar í starfi.

Sjálfbærni í starfi birtist meðal annars í:

- Kennarar og börn aðstoða hvert annað við að laga það sem þarf að laga innan leikskólans: Ef skrúfa í borðfót er að losna þá snarar kennarinn sér á gólfíð og herðir skrúfunu með aðstoð hópsins.
- Börnin fá að æfa sig að klæða sig sjálf, fagnað er hverjum sigri þó svo að flíkin sé jafnvel á röngunni, það kemur síðar
- Tækifæri veitt til þess að börnin passi upp á umhirðu fatahólfs
- Börnin ná sér sjálf í efnivið fyrir leikkróka
- Börnin læra að skammta sér matinn sjálf og kynnast eigin magamáli
- Sjálfbærni í salernisferðum er unnin jafnt og þétt frá því að venja börn af bleyjum yfir í að undirbúa þau fyrir sjálfstæði í grunnskóla.
- Börn eru hvött til þess að hlusta á þarfir líkamans, elstu börnin þurfa sem dæmi ekki að biðja um leyfi til þess að fá sér að drekka finni þau fyrir þorsta, þá æfum við þau að ganga beint í málið.
- Með sjálfbærni kemur einnig aukin geta til þess að aðstoða vinkonur og vini sem styttra eru komin í því ferli og því er það markviss æfing hjá elstu börnunum að veita hvort öðru hjálparhönd og yngri börnum hjálpar hönd við færni sem þau hafa náð tökum á en ekki þau yngri.
 - Hér er stikklað á stóru í sjálfbærnistarfi á Akri út frá svörum kennara.

Þegar kemur að sjálfbærni er svo ótal margt sem fellur þar undir. Við fullorðna fólkið erum þá fyrirmyndin og má til gamans segja frá því að við erum með frasa um það að við ætlumst ekki til neins af börnum sem við treystum okkur ekki í sjálf. Því er besta fyrirmyndin úrræðagóður kennari sem er óhræddur við að stíga út fyrir þægindarammann sinn. Hugsunin að „við getum þetta“ og „ekkert er okkur óviðkomandi“ eins og þegar kemur að viðhaldi eða nýsköpun í húsi er innblástur til barna. Eins líka að gangast við því þegar hlutir mega ganga betur; „æfingin skapar meistarann“, „gengur betur næst“ og „gerist á bestu bæjum“ eru með okkar vinsælustu frasa sem gera það að verkum að við getum lært af mistökum og einmitt lært að kunna að meta mistök. Með markvissum mistakaæfingum tökum við markvisst á mistakaótta sem er oft mjög einkennandi hjá stúlkum og lærum að hafa gleðina við völd í krefjandi verkefnum.

Lýðræði og mannréttindi

„Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing



fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Vinna í lýðræðishugsun og mannréttindum er fléttuð inn í allt okkar starf. Hvort sem það er í gegnum félagslegt uppeldi kynjanámskrár Hjallastefnunnar eða í dagskipulagi Hjallastefnuskóla. Við tölum oft um *millimetralýðræði* þegar við vinnum markvisst með virðingu sem barnið sýnir bæði sjálfu sér og öðrum. Þá vinnum við markvisst með æfingar sem efla sjálfstraust viðkomandi og að börnin upplifi sig geta gert kröfur til umhverfisins. Það sé hlustað á raddir barna og því komi þau markvisst að skipulagningu starfsins, þau ákveði reglur og upplifi sig vera mikilvæga þátttakendur í samfélaginu. Hvort sem það er innan veggja leikskólans eða utan. Á hverjum degi fara börnin á lýðræðislega valfundi þar sem æfingin felst bæði í því að standa með sér og sínu vali, jafnframt því að æfa sig í mótlæti. Dæmi: *Hvernig gerum við gott úr hlutunum ef meirihlutinn kys annað en ég? Nú valdi ég útivæði en veðrið er ekki eins og ég hefði kosið að hafa það, hvernig get ég gert þessar aðstæður mér í hag? - sett sápu í pollinn? Farið út með heimagerðan flugdreka? Klætt mig betur?*

Þar koma heimspekilegar samræður inn, í stað þess að mata barnið með upplýsingum af fyrir fram ákveðnum hugmyndum kennarans að staldra við og spyrja barnið: *Hvað heldur þú? Hvað finnst þér? Hvernig langar þig að leysa þetta?*

Út frá þessum samræðum koma oft stórkostleg lærdómstækifæri þar sem barnið getur sem dæmi prófað að velja að fara út að hoppa í pollum á sokkunum í stað stígvéla og finna að það verður fljótt blautt og kalt, það er þá jafnvel betra að meta veðrið og fara í stígvél til að geta verið lengur úti þegar blautt er.

Lýðræði og mannréttindi birtast meðal annars í:

- Daglegum valfundum þar sem valfrelsi barnsins er algert og alltaf sömu krókarnir í boði. Þá fer það ekki eftir dagsformi kennarans hvað er í boði á valfundum barnsins, þau geta alltaf gengið að því sem vísu.
- Daglegir hópatímar með hópakennara þar sem börnin geta haft markviss áhrif á athafnir og lærdóm
- Markvisst er tekið á móti hugmyndum barna og beiðnum þegar kemur að matseðlagerð skólans
- Börn hafa og geta óskað eftir fundum við stjórnendur skólans og óskað eftir úrbótum eða samtali
- Markvissar æfingar í virðingu og kærleika en einnig að biðja um leyfi þegar kemur að persónulegu rými annarra: má ég gefa þér knús?
- Kennarar æfa sig líka í því, dæmi: Láta barn vita áður en kennari snýtir barni eða biður barnið um leyfi, bjóða barni knús eða biðja um leyfi til að aðstoða barn o.s.frv.



- Á afmælum fá börnin að velja veitingar til að bjóða vinkonum og vinum upp á, það má baka köku, búa til ís eða gera kókoskúlur.
- Öll börn fá tækifæri til að tjá sig yfir daginn á plássu, við æfum virðingu í hlustun þegar aðrir eru að tjá sig
- Jafnt hlutfall af efniviði þannig að hægt er að skipta á milli gerist þörf á því og þegar börnin eru eldri eða hafa þroska til að æfa sig að skiptast á.
- Börn spurð að hugmyndum að lausnum í snúnum aðstæðum, eins og til dæmis félagslegir árekstrar.
- Markvisst talað um fjölbreytileika fjölskyldna, húðlitar, menningar og svo lengi mætti telja.
- Tungumál barna í húsi kynnt einu sinni í viku í samstarfi við foreldra af erlendum uppruna, með það að leiðarljósi að börn af erlendum uppruna finni fyrir virðingu fyrir ólíkum menningum og stolti af bakgrunni sínum
 - Hér er stikklað á stóru um lýðræði og mannréttindi í starfi á Akri út frá svörum kennara.

Fátt vekur eins mikla gleði stjórnenda og þegar börnin upplifa og sýna að þau geti haft áhrif á umhverfi sitt og líf sitt. Við sem kennarar berum þó alltaf ábyrgð og stundum verðum við að setja ákveðna línu sem barnið þarf að fara eftir en með því að gera það á þann hátt að barnið upplifi sig samt hafa eitthvað um hlutina að segja er komst hjá því að ganga á vilja barnsins eða brjóta á sjálfstæði þess. Dæmi um það getur verið sjálfstæðiaefing barns í fatarými sem vill ekki klæða sig í föt. Þá er hægt að bjóða barninu upp á að það fái val um það hvort það klæði sig sjálft í föt eða þiggi aðstoð kennarans, eða að semja um ásættanlega niðurstöðu sem hentar báðum aðilum. Með samtali og hlustun sérstaklega af hálfu kennarans er hægt að komast að einstaklega fallegum lausnum í flestum aðstæðum og báðir aðilar ganga þannig sáttir frá borði. Ef við höfum það alltaf í huga þá detta kennarar síður í gildru þess að ganga yfir skoðanir barna.

Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, viðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Hjallastefnan er í eðli sínu jafnréttistefna og var upphaflega sett upp af framsýnum kennurum til að koma til móts við viðhorf samfélagsins um fyrir fram ákveðnar hugmyndir um hlutverk barna og einstaklinga út frá kyni viðkomandi. Ekki verður farið í hvort um sé að ræða gildi, hegðun eða væntingar séu meðfæddir eða lærðir eiginleikar, heldur að birtingamyndin er misjöfn milli stúlkna og drengja og



Það er vert að skoða. Við byrjum því á að fjalla um jafnrétti út frá kyni en síðan endurspeglast öll jafnréttisnálgun Hjallastefnunnar í starfi út frá einstaklingi óháð kyni. Því það er markmiðið með uppbótavinnu og kynjanámskrá Hjallastefnunnar.

Jafnrétti birtist meðal annars í:

- Lotuskiptu kynjanámskrárstarfi Hjallastefnunnar sem farið er ítarlega í hér fyrir ofan
- Daglegum valfundum þar sem börnin velja það sem þau vilja
- Í daglegum hópatímum er farið í uppbótavinnu á hörguleinkennum kynjameningarinnar
- Stúlkur æfa sig í kjarkinum sínum og þeim eiginleikum sem jafnan eru tengdir við karllæga menningu
- Drengir æfa vinalegu hendurnar sínar og í þeim eiginleikum sem jafnan eru tengdir við kvenlæga menningu.
- Unnið er markvisst á móti neikvæðum afleiðingum kynjameningar í starfi, dæmi: yfirgangur og ofbeldi, hávaði og streita drengjameningar og nöldur, grátstjórn, dulið einelti og klögur innan stúlknameningar
- Markvisst farið í vináttuhópatíma stúlkna og drengja þar sem við gerum uppbyggilega hluti saman eins og vísindatilraunir og tölum jákvætt um hvert annað
- Réttur barna er virtur til skoðana og börnin fá tækifæri til að æfa sig í að láta í sér heyra og koma skoðunum sínum á framfæri
- Æfingar sem stuðla að jafnréttishugsun er lykill í öllu okkar starfi og hittast kennarar á fimm vikna fresti til þess að skipuleggja komandi starf með börnum.
- Leikefniviður er ekki með kynbundin hlutverk eða fyrir framá kveðin leikform.
- Jafnt hlutfall af púðum, kubbum, áhöldum í leir, sulldóti, útiefnivið o.s.frv.
 - Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi jafnréttisstarfa á Akri

Þess ber að geta að með kynjaskiptingu Hjallastefnunnar er verið að vinna markvisst að því að bæta upp það sem kynin fara á mis við í kynjuðu samfélagi. Köllum við það uppbótavinnu. Það þarf þó að vanda til verka og ekki dugar kynjaskiptingin ein og sér í þessari mikilvægu vinnu og getur í raun verið skaðleg ef kennarar fá ekki fræðslu um hvernig vinna skuli með börnunum í markvissri jafnréttisvinnu. Því hittast kennarar eins og áður sagði á fimm vikna fresti og undirbúa komandi vikur í starfi ásamt því að rýna í ágæti starfsins á liðnum vikum.



Heilbrigði og velferð

„Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og velliðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Hreyfing og hollt mataræði eru þeir þættir sem eru hvað áþreifanlegastir þegar kemur að heilbrigði og velferð í skólstarfinu. Með dagskipulaginu okkar tryggjum við að hvert og eitt barn fái góða útiveru í hópstarfi minnst einu sinni á dag. Síðan býðst börnum að velja sér frekari útivist í vali með frjálsum leik í fyrirrúmi tvisvar yfir daginn sé vilji fyrir því. Þá stundum við einnig það sem kallast *heilbrigð sál í hraustum líkama*. Við gerum það með eflingu einstaklingsins í gegnum þrautreynda kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem útlistað er hér fyrir ofan. Í daglegu starfi í leikskólanum kemur fram í svörum frá kennurum eftirfarandi varðandi heilbrigði og velferð:

- Fjölbreytt hreyfing
 - Þrautabrautir
 - leikir inni sem og úti
 - gönguferðir
 - vettvangsferðir
 - dans
- Talað jákvætt um hreyfingu og hollt mataræði
- Æfum almennt hreinlæti og umhirðu
- Vinnum í nánú samstarfi með foreldrum að tannhirðu og umhirðu barna
- Gróf- og fínhreyfingar æfðar í gegnum leikinn
- Vinnum með *kjörnun* til að róa hugann og kjarna amstrið í kringum okkur
- Hollur matur eldaður á degi hverjum í húsi
 - Börn með sérþarfir í fæði fá sérþörfum sínum mætt og þurfa ekki að reiða fram vottorð þess efnis
- Matráðar fara eftir matarstöðum Hjallastefnunnar sem eru endurskoðaðir reglulega
- Ávextir og grænmeti standa börnum og kennurum ávallt til boða á milli matmálmála - *svangt barn nýtur síður skólastarfs*
- Kennarar þrifa snerti fleti hvers rýmis minnst tvisvar á dag
- Kennarar mæta hverju barni af umhyggju og kærleika og passa að þörfum hvers og eins einstaklings sé sinnt.
- Handþvottur á milli athafna, ekki einungis eftir salernisferðir eða útiveru.
- Aðgengi þeirra sem koma að málum skólans að persónulegum smitvörnum er til staðar við alla innganga skólans vaskur og sóttthreinsispritt.
- Hver kjarni er ábyrgur fyrir hreinlæti síns kjarna. Á Akri eru svokölluð síþrif, þar sem skólinn er þrifinn jafnt og þétt yfir skóladaginn.



Sköpun

„Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Við í Hjallastefnunni nálgumst sköpun í barnastarfi út frá einstaklingnum sjálfum og að hin fullorðna manneskja sé til staðar og stuðli að því að náttúruleg forvitni barna gefi börnum færi á að skapa. Við viljum meina að börn séu óendanleg uppspretta forvitni, leikja og sköpunar. Með áreitalitlu umhverfi viljum við bjóða börnum upp á að skapa sér sínar eigin hugmyndir og rými til athafna. Þannig lítum við á allt rými hvort sem um er að ræða leikrými eða listsköpunarrými sem auðan striga og barnið fær þá fullt frelsi til sköpunar. Unnið er með nálgun í sköpun bæði í kennarastýrðu umhverfi þar sem kennarinn hefur fullt frelsi til athafna með hópnum sínum, einnig í frjálsum leik barna þar sem barnið velur sjálft.

Hér fyrir neðan er að finna lista unninn eftir svörum og samskiptum kennara varðandi sköpun í starfi á Akri:

- Margs konar efniviður til listsköpunar og enginn með fyrir fram ákveðnar notkunarreglur eða hvers sé ætlast.
- Opinn leikefniviður fyrir frjálstan leik barna
- Náttúrulegt útisvæði með hæðum og hólum
- Listsköpun í náttúrunni - sandur, steinar, vatn, blóm, laufblöð, strá, fjaðrir, kuðungar o.s.f.v.
- Sagnagerð barna - bullsögur
- mála með drullu - kakómálning - málað á tánum o.s.f.v
- Hveitidans - tilfinningadans - kornflexdans
- Fiskabúrin okkar eru ákveðin sköpunarverk sem er síbreytilegt og róar hugann að fylgjast með því
- Listaverkasýningar sem haldnar eru reglulegar til að njóta og leifa öðrum að njóta. Vinkonu- og vinalistasýningar fyrir vinkonu- og vinakjarna
- Ítarefniviður sem endalaust er hægt að bæta við í fasta króka eins og föndurkrók. Staðalbúnaðurinn ávallt sá sami en hugmyndaflugið eina hindrunin þegar kemur að ítarefnivið
- Nýtum mikið endurvinnanlegan efnivið til listsköpunar
- Kennarar hvetja börnin til að gera sjálf
- Kennarar eru ekki með fyrirfram ákveðin föndurverkefni
- Allir krókar í vali eru til þess sniðnir að bjóða upp á sköpun, hvort sem er um er að ræða föndurkrók, kubbakrók, leirkrók, sullkrók, leikstofu og útisvæði



„Við erum í raun að skapa eitthvað allan daginn. Mismunandi hvort það er í formi líkamlegrar tjáningar, í gegnum listasköpun, með tónlist eða bara í leik. Mér finnst sköpun ekki endilega felast í einhverju sem við getum sýnt eða skilað heim til foreldra, heldur eitthvað sem verður til í t.d. í hópatíma, í gegnum leikinn með vatnið þegar við þvolum hendur og óvart sullast á gólfid og við dönsum á tásunum í vatninu sem sullaðist.“

„Annað slagið búum við til listaverk sem við hengjum svo upp á vegg til að gleðjast yfir og gleðja aðra. Við erum nægjusöm þegar kemur að sköpun, við nýtum það sem við getum í nánasta umhverfi, minna er meira. Þegar kemur t.d. að efnisvali á Akri þá erum við t.d. bara með grunn liti í málningu og verðum að blanda þeim saman til að fá einhvern sérstakan lit, börnin fá að prufa sig áfram - leggjum áherslu á að notast við efnivið sem fellur frá t.d. eldhúsinu, við fáum oft efnivið gefins sem við getum nýtt í alls kyns sköpun.“

Sköpun er órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins og kemur fram í öllum leik og starfi eins og fram kemur hér að ofan.

Leikur og nám barna

„Leikur er lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Mikið sjálfsnám felst í leik, honum fylgir bæði gaman og alvara. Sjálfsprottinn leikur eru námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið leikskóla“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Sjálfsprottinn leikur er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Í slíkum leik hafa börn frumkvæði að eigin leik, velja sér viðfangsefni, félaga, leiksvæði og efnivið og móta sjálf framvindu leiksins. Þau semja reglur, leysa úr ágreiningi og stýra leiknum frá upphafi til enda.

Á Akri er lögð rík áhersla á að skapa aðstæður sem styðja við sjálfsprottinn leik barna. Börnum gefast fjölbreytt tækifæri til leiks bæði í hópastarfi með jafnöldrum sínum og á kjörnum þar sem yngri og eldri börn leika saman. Daglega velja börnin sér leiksvæði þar sem aðgengilegur er fjölbreyttur efniviður sem hvetur til sköpunar, samvinnu og sjálfstæðrar hugsunar.

Í gegnum leikinn þróa börn með sér félagsfærni, samskiptahæfni og getu til að taka tillit til annarra. Þau læra að tjá hugmyndir sínar, semja um sameiginleg markmið og virða ólík sjónarmið. Leikurinn styður jafnframt við tilfinningalegan, vitsmunalegan, félagslegan og líkamlegan þroska barna og er því einn mikilvægasti náms- og þroskavettvangur þeirra.



Hlutverk kennara í leik barna

Starfsfólk leikskólans gegnir mikilvægu hlutverki í leik barna. Það hefur markviss áhrif á námsumhverfi barnanna, tekur þátt í leik þegar við á og styður við nám og þroska í gegnum leik þar sem börnin hafa frumkvæði og stýra framvindu hans. Lögð er áhersla á að leikur sé rauður þráður í daglegu starfi leikskólans og að hvert barn fái tækifæri til að njóta sín út frá eigin styrkleikum, áhuga og þörfum.

Námsumhverfið er skipulagt með það að markmiði að styðja við fjölbreyttan leik og nám. Börnum stendur til boða að leika sér í litlum og stórum hópum, eiga stundir í ró og næði og taka þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Umhverfið er þannig mótað að það hvetji til samskipta, könnunar, sköpunar og sjálfstæðrar þátttöku barna.

Á Akri er litið á hlutverk kennara og annars starfsfólks í leik barna sem mikilvægan þátt í námi og vellíðan þeirra. Starfsfólk fylgist með leiknum, styður við jákvæð samskipti og grípur inn í þegar þörf krefur til að leiðbeina, hvetja eða aðstoða börn við að leysa úr ágreiningi. Einnig er lögð áhersla á að efla þátttöku allra barna í leiknum, styrkja sjálfstraust þeirra og skapa aðstæður þar sem hvert barn finnur til öryggis, tilheyrir hópnum og fær tækifæri til að láta rödd sína heyrast.

Námsumhverfi

Hjallastefnukennarar setja mikla orku og tíma í að ígrunda og skipuleggja notkun á öllu húsnæði og lóð skólans, kjarna umhverfi og búnað og sýna mikla nákvæmni við gerð og framkvæmd dagskrár. Mikil vinna er lögð í að skapa og viðhalda kjörnuðu umhverfi og stöðugt endurmat er í gangi til að tryggja að hver lausn sé ávallt sú besta á hverjum tíma (Endurútg. Hjallastefnan 2014).

Á Akri er lögð áhersla á að skapa hlýlegt, skipulagt og þroskahvetjandi umhverfi þar sem börn og fullorðnir upplifa öryggi, vellíðan og skýra umgjörð. Umhverfið er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og er markvisst skipulagt til að styðja við sjálfstæði, leik, samskipti og fjölbreytta námsupplifun. Lögð er áhersla á að rými leikskólans séu aðgengileg, hvetjandi og bjóði upp á tækifæri til bæði rólegra stunda og virkrar þátttöku í leik og starfi.

Efniviður leikskólans er fjölbreyttur og tekur mið af aldri, þroska og áhugasviði barnanna. Hann er reglulega endurskoðaður og þróaður með það að markmiði að styðja við leik, sköpun, rannsóknir og uppgötvanir barna. Á Akri er lögð áhersla á opinn efnivið sem býður upp á margar leiðir til notkunar og gefur börnum svigrúm til að nýta eigið hugmyndaflug, sköpunarkraft og frumkvæði.

Efniviður er skipulagður þannig að börn hafi greiðan aðgang að honum og geti tekið virkan þátt í vali og framkvæmd leikja sinna. Markmiðið er að umhverfi og efniviður vekir forvitni, styðji við rannsóknarvinnu og skapandi hugsun og verði kveikja að leik, námi og samvinnu. Með því skapast aðstæður þar sem hugmyndir barna fá að njóta sín og þau öðlast tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt.



Leikur í samþættu og skapandi leikskólastarfi

Markmið Aðalnámskrár leikskóla eru samþætt við leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með námssvið Aðalnámskrár ýmist í frjálsum leik barnanna í val tímum eða með markvissum og skipulögðum hætti í hópatímum. Á Akri er lítið á leik sem mikilvægustu námsleið ungra barna. Leikurinn er órjúfanlegur þáttur af daglegu starfi leikskólans og gegnir lykilhlutverki í námi, þroska og vellíðan barna. Í leik öðlast börn reynslu, þróa hugmyndir sínar, efla samskiptafærni og læra að vinna með öðrum. Leikurinn gefur börnum jafnframt tækifæri til að tjá sig, takast á við áskoranir og kanna umhverfi sitt á eigin forsendum.

Markmið Aðalnámskrár leikskóla eru samþætt daglegu starfi og birtast í leik, samskiptum, verkefnum og skipulögðu námi. Börnum gefast tækifæri til að vinna með öll námssvið Aðalnámskrár bæði í sjálfsprottnum leik og í skipulögðu starfi þar sem tekið er mið af áhuga þeirra, reynslu og þroska.

Á Akri er lögð áhersla á að skapa fjölbreytt og hvetjandi leikrými þar sem börn geta valið sér viðfangsefni, leikfélaga og efnivið. Aðgengilegur og opinn efniviður styður við sköpun, rannsóknir, ímyndunarafl og lausnaleit og gerir börnum kleift að móta leik sinn á eigin forsendum.

Í sjálfsprottnum leik hafa börnin frumkvæði að leiknum, ákveða framvindu hans og þróa hann áfram í samvinnu við önnur börn. Með því læra þau að semja, taka tillit til annarra, leysa ágreining og bera ábyrgð á eigin ákvörðunum. Starfsfólk er til staðar sem stuðningur og leiðbeinandi, fylgist með leiknum og grípur inn í þegar þörf krefur til að efla þátttöku, samskipti og vellíðan allra barna.

Leikur er einnig mikilvægur þáttur í hópastarfi þar sem börnum gefast tækifæri til að kanna viðfangsefni á skapandi hátt, vinna saman og byggja upp þekkingu í gegnum reynslu og þátttöku. Starfsfólk nýtir áhuga barna sem kveikju að námi og skapar aðstæður þar sem leikur og nám fléttast saman í daglegu starfi.

Með því að gera leiknum hátt undir höfði stuðlar Akur að því að börn fái að njóta bernsku sinnar, efla styrkleika sína og byggja upp sjálfstraust, sjálfstæði og jákvæða sjálfsmynd.

Læsi og samskipti

Í leikskólanum Akri er unnið með læsi á víðfeðman og fjölbreyttan hátt. Mikil áhersla er lögð á tjáningu í daglegu starfi og börnunum markvisst kennt að orða vilja sinn á jákvæðan og opinn hátt. Í Aðalnámskrá leikskóla segir „*Læsi í viðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt*“ (2023).

Í skólanum er lögð mikil áhersla á söng þar sem langir og stundum flóknir textar æfa tilfinningu fyrir málnotkun og hrynjandi tungumálsins. Þulur eru þuldar og vísur kveðnar líkt og annars staðar í leikskólastarfi. Í Hjallastefnunni er síðan lögð rík



áhersla á málskilning og merkingu og sérkennileg málnotkun er hluti af skólamenningunni. Þannig eru gömul íslensk orð oft notuð í stað algengari orða, til þess að gefa daglegri notkun tungumálsins aukna dýpt, auðga orðaforða barnanna og brjóta upp staðlaðar hugmyndir og gildishlaðnar klisjur.

Tungumálið er völdugt samskiptatæki sem getur myndað stórkostleg samskipti fólks á milli en getur líka verið hárbeitt vopn. Í Hjallastefnustarfi er leitast við að kenna börnum muninn þarna á milli. Markvisst er unnið að því að kenna þeim þá ábyrgð sem felst í orðum og þeim kennd hugtök til þess að skilgreina erfið samskipti. Jafnréttisáhersla kemur einnig fram í málnotkuninni en í vali orðalags er reynt að gæta jafnréttis og t.d. er börnum hrósað og þau hvött til dáða með kynhlutlausum orðum á borð við „frábær“.

Mikil áhersla er lögð á að börnin fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og eru kennarar ávallt til aðstoðar til að stýra umræðum ef ágreiningur milli barna kemur upp. Einnig eru reglulega haldnir „fréttatímar“ þar sem þess er gætt að öll börn fái tækifæri til þess að segja frá viðburðum lífs síns eða öðru sem þeim liggur á hjarta.

Lýðræðisfundir eru haldnir reglulega og þar fá börnin tækifæri til þess að æfa lýðræðislega virkni og réttlát félagsleg samskipti hvað varðar málefni sem hæfir aldri þeirra. Á lýðræðisfundi má til dæmis ákveða verkefni í hópatímum næstu viku eða hafa áhrif á matseðil skólans. Þess má til gamans geta að á skólaárinu 2019-2020 var oftast beðið um soðinn fisk með lauksmjöri sem er fastur liður á matseðli skólans að jafnaði einu sinni í viku.

Í Hjallastefnuskólum eru bækur notaðar á markvissan hátt og virðing borin fyrir þeim. Vel er vandað til þegar bækur eru valdar og mikilvægt er að innihald þeirra falli vel að hugmyndafræði Hjallastefnunnar, einkum hvað varðar jafnréttishugsjónina. Auk hefðbundinna sagna- og ljóðabóka á leikskólinn nokkurt safn myndskreyttra fræðibóka. Í stað þess að lesa bækur fyrir börn er lögð áhersla á að kennarar lesi bækur og læri sögurnar sem þeir svo endursegja börnunum. Börnin virkja hugmyndaflugið þegar þau ímynda sér þær aðstæður sem sagan greinir frá og þátttaka barnanna er meiri þar sem þau geta haft áhrif á söguþráðinn og þannig getur góð saga orðið samvinnuverkefni barna og kennara.

Eldri hóparnir í leikskólanum nota bókasöfn sveitarfélagsins, þau fara þangað bæði til að skoða og snerta bækur og til að fá þær lánaðar til lesturs í leikskólanum, bókasafnið hefur einnig komið fyrir lánskistu í skólanum sem börn og kennarar hafa aðgang að. Einnig eru eldri hóparnir duglegir við að búa til sínar eigin bækur úr ljóðum og frásögnum barnanna sem kennarinn skráir og börnin myndskreyta, binda inn og lesa saman.

Heilbrigði og vellíðan

Í Aðalnámskrá leikskóla (2023) segir: „Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu“.



Allur matur skólans er eldaður á staðnum og út frá stöðlum Hjallastefnunnar um gæði matar. Þar má nefna skýr ákvæði um notkun aukaefna, takmörkun fitu og hlut trefja og grænmetis í fæðu barna og eru manneldissjónarmið Lýðheilsustöðvar höfð að leiðarljósi. Gæðastaðlarnir eru viðurkenndir af næringarfræðingi Vinnuverndar og unnið í samvinnu við matreiðslumeistara í eldhúsum Hjallastefnuskólanna. Skýrar reglur gilda um þjónustu við börn með ofnæmi og fæðuóþol.

Hreyfing er grundvallaratriði í Hjallastefnustarfi og daglega er öllum börnum tryggð reglubundin hreyfing inni eða úti. Í stað skylduútvistar tryggja kennarar að hvert barn fái daglega útvist og næg tækifæri gefist til útvistar. Í hópatímum er mikið farið út enda viðmið að hver hópur fari út í hópatíma daglega og þá til þess að vinna eitthvað ákveðið verkefni með kennara sínum, fara í gönguferð, hlaupa eða fara í aðrar íþróttir. Á valtíma er útisvæði ávallt í boði og þá er um að ræða frjálsan leik. Leikskólinn Akur er vel staðsettur í nágrenni við útikennslusvæði hverfisins, Narfakotsseylu. Víkingaheimar eru í göngufæri frá leikskólanum og hefur Akur fengið að fara í heimsókn þangað með hópa af börnum okkur að kostnaðarlausu. Við erum einnig mjög stutt frá fjöru og móa, tóftum og þúfum ásamt því að torfbær er ekki svo langt frá leikskólanum. Því má með sanni segja að við séum heppin með fjölbreytt útisvæði sem hvetur til fjölbreyttrar hreyfingar.

Á valtíma er einnig í boði leikur í leikstofu þar sem gefast tækifæri til hreyfileikja í leikjum með dýnur, púða og teppi. Í miðrymi Akurs er að finna holukubbasvæði (hollow-blocks). Leikirnir á þessum svæðum gefa tækifæri til að byggja byggingar, setja upp þrautabrautir auk þess sem vinsælt er að útbúa leikfimitæki. Á öðrum svæðum á leiktíma er unnin fínhreyfivinna en börnin eru hvött til þess að nota fjölbreyttar stellingar, krjúpa á stólum, standa, sitja, vinna á gólfinu o.s.frv..

Þar sem Hjallastefnuskólar nota opinn efnivið er litið svo á að allt sem inni á kjarnanum er sé opinn efniviður og til fjölbreytilegra nota. Þannig eru húsgögn einnig notuð sem leikefni og er algengt að byggja svokallaðar þrautabrautir úr borðum og stólum sem gefa kost á fjölbreytilegri hreyfingu. Dans er einnig mikið notaður í Hjallastefnustarfi; bæði sem tjáningarform en einnig sem holl og upplífandi hreyfing. Skólafötin okkar eru svo meðal annars til að tryggja að börnin séu þægilegum fötum sem hvetja til hreyfingar.

Sjálfbærni og vísindi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir: *“Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir“*. Í öllu starfi skólans er gert ráð fyrir að börn njóti fjölbreyttrar upplifunar og lögð sérstök áhersla á að þau geti verið í tengslum við náttúruna á lifandi hátt. Hjallastefnan leggur áherslu á náttúrulegt útisvæði og í leikskólanum er náttúrulegum starfskostum gert eins hátt



undir höfði og mögulegt er. Sandpyttir, moldargryfjur og vatn gefa kost á massavinnu úti, grjót, klettar, mishæðir og opin svæði gefa kost á fjölbreyttri upplifun. Náttúran umhverfis leikskólann er einnig auðlind sem mikið er nýtt í starfinu og einnig er farið í lengri vettvangsferðir til þess að njóta náttúrunnar.

Leikskólinn Akur leggur mikla rækt við náttúruvernd og tengsl við náttúruna. Við sögðum okkur úr verkefni Landverndar þar sem okkur fannst það of takmarkandi fyrir starfið sem við erum að vinna á degi hverjum. Við á Akri erum sífellt að finna nýjar leiðir og viðhalda gömlum leiðum til að vera í tengslum við náttúruna og nærsamfélagið. Sem dæmi erum við með þróunarverkefni á lóð skólans þar sem við erum að rækta upp trjálund. Einnig stundum við endurnýtingu og minni matarsóun með hæsnahaldi en Akur bætti við sig hænum árið 2019. Má því með sannri segja að umhverfisvernd sé hluti af markmiðum okkar í daglegu starfi skólans.

Börnin taka þátt í umhverfisverndinni með ýmsum hætti eins og flokkun og endurvinnslu, með þátttöku í umræðum, með því að taka ábyrgð á eigum kjarnans og nota hugmyndaflugni til að nýta það sem til er á margvíslegan hátt. Þá fara börnin reglulega í hreinsunarferðir um umhverfið til að fjarlægja rusl til að fegra umhverfið. Kjarnarnir skiptast einnig á að bera ábyrgð innan skólans, ýmist með því að fara vel yfir lóðina okkar í daglegri yfirlitsskoðun, setja niður kartöflur og gulrætur á vorin og svo mætti lengi telja.

Sjálfbærni er lykilhugtak í starfi Hjallastefnuskólanna. Sjálf uppeldishugsjón skólans snýst að stóru leyti um þjálfna börn í sjálfbærni og minnka áherslu á neysluhyggju. Þannig læra börnin að leika sér með lítið í stað þess að „vanta“ sífellt eitthvað og þeim er tamin nægjusemi sem síðan elur af sér skapandi hugsun þar sem þau leita lausna og finna nýja möguleika í þeim efnivið sem til staðar er í stað þess að kaupa og bæta við nýju.

“Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.” (Aðalnámskrá 2011). Hjallastefnuskólarnir byggja þjálfun í vísindalegri hugsun inn í dagskrá sína og efnivið og þannig þjálfast börnin í notkun hugtaka og skilningi á lögmáli orsaka og afleiðinga í gegn um leik og daglegt starf. Allur efniviður Hjallastefnuskólanna er úthugaður með þetta í huga og eru til dæmis eingöngu notaðir kubbar sem hafa rétt stærðfræðileg innbyrðis hlutföll, þ.e. stærsti kubburinn er helmingi stærri en sá næsti fyrir neðan o.s.frv. Ílát fyrir sull og vatnsleiki er hugsaður og útbúinn á sama hátt og býður því upp á þjálfun í rúmmálsskynjun í leiknum sjálfum. Að auki er svo unnið með vísindaleg hugtök og verkefni í hópastarfi leikskólans. Einkum eru náttúruvísindi ofarlega á blaði og börnin rækta jurtir af fræjum, fylgjast með vexti þeirra og öðlast skynjun fyrir hringrás lífsins.

Sköpun og menning

Hugmyndafræðin að baki hinum einfalda efniviði sem börnin leika sér með dag hvern í leikskólanum er fyrst og fremst sú að hvetja til sköpunar, samvinnu og



samleiks. Öll áhersla í skapandi starfi skólans er upplifunin við sköpunina, að njóta augnabliksins þegar hugmyndirnar verða til og að koma þeim frá sér. Minni áhersla er lögð á afraksturinn, verkið sjálft enda má treysta því að ánægja ríkir með þá vinnu sem unnin er af innlifun og gleði.

Í hverjum val tíma Akurs, sem fram fer tvisvar sinnum á dag, gefst börnunum kostur að velja sér leikstofu, föndurkrók, kubbakrók, leirkrók, sull og útisvæði. Á þessum svæðum er ákveðinn grunnefniviður og áhöld í boði til að vinna að sköpun en fjölbreyttu ítarefni er bætt við til að auðga sköpun og upplifun barnanna. Í hópátímum er svo unnið mikið í sköpun og má segja að eina takmörkunin sé hversu langt hugarflug barna og kennara nær. Reglubundið eru sýningar á verkum barnanna og eins er ákveðnum verkefnum safnað í „útskriftarbækur“ sem sýna þroska og ferli í starfi þeirra alla leikskólagönguna. Þessi mappa er síðan eign barnsins eftir útskrift úr leikskólanum ásamt myndasafni barnsins frá upphafi skólagöngu sem foreldrar geta sótt á heimasíðu leikskólans.

Söngur er aðalmerki tónlistariðkunar í Hjallastefnuleikskólum og er sungið daglega og vel gætt að því að börnin hafi alltaf ný og skemmtileg sönglög til þess að glíma við. Lögð er áhersla á að börnin æfi sönglög með fjölbreyttum og vönduðum textum sem hafa bókmenntalegt eða menningarlegt gildi. Vikulegur söngfundur er helgaður tónlistariðkun þar sem stúlkur og drengir koma saman og syngja og dansa. Á þessum stundum æfa börnin framkomu og flytja skemmtiatriði í formi söngva, leikrita og dansatriða. Tónlist er notuð markvisst bæði til hlustunar, við dans og aðra tjáningu í leikjum. Lögð er áhersla á það í skólanum að kynna börnunum fjölbreytta tónlist, til dæmis djass, klassík, popp, rokk og þjóðlagatónlist. Börnunum gefast líka tækifæri til þess að prófa hljóðfæri og óhefðbundna hljóðgjafa auk þess sem margir hópar taka sig öðru hvoru til og búa til sín eigin hljóðfæri.

Í umfjöllun leikskólans um menningu og samfélag er kappkostað að brjóta upp staðalmyndir kynja og kynþátta og leggja áherslu á mikilvægi þess að hver einstaklingur fái að njóta sérkenna sinna innan þess samfélags sem hann lifir og hrærist í. Fjölskylduaðstæður barnanna sjálfra og kennaranna gefa kost á umfjöllun um marga þætti samfélagsfræða og menningar svo sem mismunandi búsetuhætti, ólík fjölskyldu- og sambúðarform, fjölskyldutengsl og atvinnulíf. Styttri og lengri vettvangsferðir og heimsóknir á menningarstofnanir gefa kost á því að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu og því sem það hefur upp á að bjóða.

Hefðir og hátíðahöld eru hluti af menningu hvers samfélags og í leikskólanum eru slíkir viðburðir í hávegum hafðir, upp að þeim mörkum þó að þeir skapi börnunum ekki streitu eða vanlíðan af öðru tagi. Mikið er lagt upp úr því að börnin hljóti jákvæða upplifun af undirbúningi hátíða og tyllidaga og jafnframt er reynt að hlífa þeim við streitu og neyslukapphlaupinu sem getur fylgt.

Vettvangsferðir víkka sjóndeildarhring barna, þau kynnast sínu nánasta umhverfi og fá aukna dýpt í skilning á sínu samfélagi, menningu og listum. Umhverfi skólans er kjörið til spennandi vettvangsferða í óspilltri náttúru. Slíkar ferðir efla



alhliða þroska og auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þor. Leikskólinn byggir upp samvinnu við þá grunnskóla sem eru í næsta nágrenni leikskólans með vettvangsferðum og heimsóknum að vori þar sem því verður við komið og á samvinnu við aðrar stofnanir nærsamfélagsins. Þá erum við á Akri í góðu samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja með verkefnið um Loga og Glóð eða Bjössu Brunabangsa. Lögreglan hefur einnig frætt börnin um umferðaröryggi.

Fjölskyldan og leikskólinn

Hjallastefnuskólar leggja mikla áherslu á samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimilis og skóla. Í upphafi fá foreldrar bækling Hjallastefnunnar um meginreglur og kynjanámskrá Hjallastefnunnar og einnig upplýsingablöð skólans með nánari upplýsingum um daglegt starf. Náíð samráð foreldra og skóla fer fram í daglegum samskiptum sem mikil áhersla er lögð á en að auki með foreldraviðtölum tvisvar á skólaári. Fjölskylduhressing er einnig að jafnaði tvisvar á skólaári, þar sem börnin bjóða fjölskyldu sinni annað hvort í morgunhressingu eða nónhressingu. Foreldrar og fjölskyldur barnanna taka þátt í raunverulegum verkefnum með skólanum með svonefndu „fjölskylduframlagi“ þar sem foreldrar og fjölskyldur styðja við skólann eftir nánara samkomulagi.

Á vefsíðu skólans: leikskolinnakur.is gefst foreldrum færi á að skrá sig inn á innri vef sem er fjölskyldusíða. Þar munu foreldrar geta nálgast skráningar um svefn og hvernig barnið tók til matar síns þann daginn, Vefsíðan og uppsetning hennar er í vinnslu. Sem tenging milli heimilis og skóla senda kennarar fregnir af starfi kjarnans vikulega og einkapóst nokkrum sinnum á skólaári þar sem fregnir af hverju barni ráða för. Einnig miðlar skólinn tugum mynda í mánuði af hverju barni í leik og starfi á læstu svæði.

Fjölskyldumorgnar Akurs eru haldnir í lok hverrar lotu. Við erum með 6 lotur á skólaári, 3 fyrir áramót og 3 eftir áramót. Hver lota er 5 vikur og í hverri viku er ákveðið orðaforðapema sem við byggjum á orðaforðalista Menntamálastofnunar.

Fjölskyldumorgnar er lítið þróunarverkefni hjá okkur. Við byrjuðum árið 2019 með lítinn hóp fjöltyngdra barna en erum nú opin öllum leikskólanum bæði íslenskum fjölskyldum og fjölskyldum með fjölmennan tungumála- og menningar bakgrunn við frábærar undirtektir. Uppsetningin er þannig að starfsfólk leikskólans hefur undirbúið nokkrar stöðvar með fjölbreyttum efnivið sem tengist orðaforða lotunnar að einhverju leiti. Verkefnin eru þannig uppbyggð að þau ættu að vera auðskiljanleg þannig að foreldrar geti leiðbeint börnum sínum.

Fjölskyldur ganga svo á milli stöðva og taka þátt í þeim verkefnum sem vekja áhuga þeirra. Við hvetjum fjölskyldur til að tala mikið og notast við orðaforðann hverju sinni. Það má tala á hvaða tungumáli sem er.

Markmið Fjölskyldumorgna er margþætt.



- Tengja saman heimili og leikskóla - Fjölskyldur koma í leikskólann og prufa efnivið, kynnast orðaforðabæmum sem leikskólinn var að vinna með hverju sinni.
- Gefa fjölskyldum tækifæri til að opna og víkka tengslanet, foreldrar kynnast öðrum foreldrum.
- Foreldrar og börn eiga saman notalega samverustund
- Hvetja foreldra til að tala við börnin á sínu móðurmáli.
- Styðja við móðurmálskennslu barnanna- eflir börn með fjöltyngi sem og íslensk börn.

Á hverju skólaári fer fram viðhorfakönnun meðal foreldra til að fá álit þeirra til skólans og til að leita eftir tillögum þeirra til úrbóta. Að auki hafa foreldrar greiðan aðgang að því að leggja fram athugasemdir og tillögur til skólans. Öflugt foreldrasamstarf eykur sýnileika leikskólans og stuðlar að jákvæðara viðhorfi samfélagsins til leikskólastarfs.

Foreldrafélag starfar við skólann skv. eigin starfsreglum sem kynntar eru á heimasíðu skólans.

Tengsl skólastiga og fimm ára starf

Sérstök námskrá gildir fyrir elstu börn leikskólans hverju sinni og fylgir hún starfslotunum sex þar sem kynjanámskráin er þjálfuð.

Stærðfræði

Í fyrstu lotu haustannar og fyrstu lotu vorannar er farið í fjögurra vikna stærðfræðivinnu þar sem unnið er með talnaskilning og grunnaðferðir stærðfræðinnar. Unnið er með þrautalausnir og einfalda talnavinnu á grundvelli uppgötvunarnáms og leikjaáðferða.

Markmið 5 ára kjarna í stærðfræði er að börnin öðlist jákvæða upplifun á stærðfræðilegum viðfangsefnum og þekkingu á helstu grunnhugtökum. Lögð eru fyrir verkefni sem byggjast á talningu, ólíkum formum, flokkun, speglun, tilraunum með rúmmál og byggingarleikjum. Áhersla er lögð á skilning á gildi talna frá 1-20 og út frá umræðum barna og kennara skapast grundvöllur til að búa til margvísleg orðadæmi sem fela í sér þjálfun á stærðfræðihugtökum og einfaldri samlagningu og frádrætti.

Íslenska

Í annarri og þriðju lotu haustannar og annarri og þriðju lotu vorannar er unnið með hljóðgreiningu, stafainnlögn og raddlestur.

Markmið 5 ára barna í íslensku er að börnin efli orðaforða sinn með fjölbreyttu tungutaki í samskiptum og að börnin kunni að ríma og fá tilfinningu fyrir hrynjanda orða. Sögu- og ljóðagerð er gefið gott svigrúm. Farið er í gegnum



stafainnlögn og markmiðið er að börnin þekki að vori alla bókstafi, heiti þeirra, hljóð og geti skrifað þá. Lögð er áhersla á hlustun á upplestur og börnin fá þjálfun í að tjá sig frammi fyrir öðrum og skiptast á skoðunum. Í ritun eru fínhyfingar þjálfaðar á fjölbreyttan hátt og fá margskonar tækifæri til að skrifa á þann hátt sem þeir eru færir um. Í annarri og þriðju lotu haustannar svo og annarri og þriðju lotu vorannar er unnið með hljóðgreiningu, stafainnlögn og raddlestur.

Vorferð

Vorferð fimm ára barna er þriggja daga ferð með kennurum skólans þar sem náttúruskynjun og sveitaheimsóknir skapa ógleymanlega samverudaga og mikilvæga æfingu í sjálfstæði við eins verndaðar aðstæður og hugsast getur. Sérstök útskriftarstund er á hverju vori þegar fimm ára börnin kveðja leikskólann með foreldrum sínum og taka á móti útskriftarbókinni sinni, óskasteini og trjágræðlingi frá skólanum. Hver útskriftarhópur gróðursetur einnig tré í gróðurlund skólans í lok hvers skólaárs.

Tengsl skólastiga

Fimm ára starfið í leikskólum Hjallastefnunnar nýtist börnunum sem veganesti yfir á grunnskólastig. Grunnskólar í nærsamfélagi Akurs eru tveir, Akurskóli og Stapaskóli. Flest börn sem eru á Akri fara í þessa skóla eftir að leikskólagöngu lýkur. Unnið er í samstarfi við Akurskóla sem og við vinaleikskólann Holt að verkefni sem heitir Brúum bilið.

Mikilvægt er að upplýsingaflæði milli skólastiga sé markvisst og stuðli að samfellu í námi, velferð og stuðningi við hvert barn. Markmið upplýsingamiðlunar er að tryggja að verðandi grunnskóli barns hafi þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæta þörfum barnsins og styðja við farsæla aðlögun þess að nýju skólastigi.

Við skil barna úr leikskóla í grunnskóla fylgja þeim skólaskil ásamt niðurstöðum úr Hljóm-II og EFI-skimunum. Ef barn hefur farið í athuganir eða greiningar hjá sérfræðingum fylgja viðeigandi skýrslur einnig með. Í þeim tilvikum eru upplýsingar í skólaskilaskjali jafnframt fylltar út með ítarlegri hætti. Þegar barn flyst í sérhæft námsúrræði fylgir því jafnframt tilfærsluáætlun eftir því sem við á.

Ef mál barns er samþætt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eru viðeigandi upplýsingar einnig afhentar tengiliðum viðkomandi skóla til að tryggja samfellu í þjónustu og stuðningi við barnið.

Sérkennsla

Börn eru eins misjöfn eins og þau eru mörg – einstök hvert og eitt. Öll hafa þau skýr einstaklingseinkenni, sérstaka hæfni og áhuga og sterkan vilja. Það er grundvallaratriði fyrir farsæld þeirra að skólinn hlúi að þeim á þeirra eigin forsendum



og forðist að gera sömu kröfur til allra og steypa alla í sama mót. Þar af leiðandi verður Hjallastefnuskóli að leita allra leiða í skipulagi sínu og starfsháttum til að hafa fjölbreytileg verkefni og valkosti fyrir hendi. Hjallastefnukennarar fagna fjölbreytileikanum innan barnahópsins og telja ekki eftir sér að stíga skrefinu lengra til að mæta hverju barni.

Oft er hægt að mæta sérkennsluþörf barns innan barnahópsins með samþættingu og heiltæku starfi. Þurfi barnið sértækari aðstoð eða sérstök úrræði vegna þroska stöðu, líkamlegs atgervis, hegðunar eða aðstæðna sinna að öðru leyti, metur skólinn með foreldrum hvernig staðið skuli að slíkri aðstoð. Engin ein leið er rétt, heldur ráða þarfir barnsins ferðinni samkvæmt mati þeirra sérfræðinga sem að málinu koma. Niðurstaða fæst í samvinnu foreldra og stjórnenda skólans.

Á Akri er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og markvisst eftirlit með líðan, þroska og framförum barna. Starfsfólk fylgist með hverju barni í daglegu starfi og leitast við að greina sem fyrst ef vísbendingar eru um að barn þurfi frekari stuðning. Áhersla er lögð á náð samstarf við foreldra og fjölskyldur barna, enda er sameiginleg sýn og samvinna mikilvæg forsenda farsællar íhlutunar.

Þegar þörf krefur eru gerðar viðeigandi ráðstafanir innan leikskólans til að styðja við nám, þroska og þátttöku barnsins í daglegu starfi. Stuðningurinn getur falist í einstaklingsmiðaðri nálgun, markvissri þjálfun, aðlögun námsumhverfis eða öðrum úrræðum sem miða að því að mæta þörfum barnsins.

Ef áhyggjur vakna af þroska, líðan eða stöðu barns er unnið samkvæmt verklagi leikskólans um snemmtækan stuðning og leitað eftir ráðgjöf eða samstarfi við viðeigandi fagaðila þegar þörf er á. Jafnframt er hægt að sækja um viðbótarstuðning fyrir barn þegar aðstæður kalla á það, óháð því hvort formleg greining liggur fyrir. Markmiðið er ávallt að bregðast snemma við, efla þátttöku barnsins og skapa því bestu mögulegu aðstæður til náms, þroska og vellíðanar.

Matstæki

Í gegnum leikskólagöngu barnanna eru lögð fyrir reglubundin matstæki sem styðja við markvissa eftirfylgni með þroska, námi og líðan þeirra. Á fjórða aldursári er EFI-2 málþroskaskimun lögð fyrir og á fimmta aldursári er HLJÓM-2 lagt fyrir. HLJÓM-2 er skimun í leikjaformi sem metur hljóðkerfis- og málvitund barna og veitir mikilvægar upplýsingar um undirbúning þeirra fyrir læsi.

Leikskólakennarar og annað fagfólk með réttindi til notkunar TRAS leggja skráningarlistann fyrir tvisvar á ári og fylgjast þannig með málþroska og framvindu hvers barns. Einnig er notast við Míó, sem er skimunartæki sem metur stærðfræðilega hugsun og stærðfræðiskilning barna. Niðurstöður þessara skimana eru nýttar til að skipuleggja nám, stuðning og viðeigandi áskoranir út frá þörfum og styrkleikum hvers barns.



Þegar áhyggjur vakna af þroska eða framvindu barns eru jafnframt notuð önnur viðurkennd matstæki eftir því sem við á, svo sem Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Íslenski máhljóðamælirinn, AEPS og „Hvar stend ég?“. Markmið mats og skráninga er að greina styrkleika og þarfir barna sem fyrst og tryggja þeim viðeigandi stuðning og tækifæri til farsæls náms og þroska.

Leiðarljós leikskóla

Hlutverk leikskólans er að skapa öruggt og þroskahvetjandi umhverfi þar sem börn og starfsfólk fá að njóta sín, taka virkan þátt í skólasamfélaginu og hafa áhrif á eigið umhverfi. Lögð er áhersla á að efla sjálfræði, ábyrgð og virðingu í lýðræðislegu samfélagi þar sem rödd hvers og eins fær að heyrast.

Eftirfarandi leiðarljós úr Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 eiga að vísa leikskólum veginn í mótun leikskólastarfs. Starfsfólk leikskóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósunum og skrá aðferðir og leiðir í skólanámskrá leikskólans:

- *Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.*
- *Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.*
- *Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.*
- *Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.*
- *Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.*
- *Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.*
- *Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.*
- *Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.*
- *Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.*
- *Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.*



- *Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.*
- *Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.*
- *Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.*
- *Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.*
- *Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.*
- *Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.*
- *Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.*
- *Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.*
- *Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni.*
- *Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafli sítt og sköpun.*
- *Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.*
- *Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.*

Í leikskólanum Akri tryggjum við þetta með því að rýna í starf kjarna á vikulegum kjarnastjórafundum, á lotufundum, með því að fara yfir hópatímaskráningar og í samskiptum við börn.

Mat og eftirlit

Leikskólinn Akur stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem að hluta er þáttur í reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. svo sem spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis. Hinn hluti innra matsins er einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, svo sem gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu. Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hver skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarlega útlitun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna í skýrslu hans um innra mat.



Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sveitafélagið hefur í samstarfi við Skólapúlsinn staðið fyrir könnun annað hvert ár sem Akur hefur tekið þátt í. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af faggildum aðila árlega.

